

**35. hafnasambandsþing**  
**Hafnasambands sveitarfélaga**  
**Haldið á Höfn 12. – 13. október 2006**

Dagana 12. og 13. október var 35. hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga haldið á Hótel Höfn, Hornafirði.

*Fyrri fundur fimmtudaginn 12. október.*  
Fundur hófst kl. 10:30

**1. Þingsetning**

Gísli Gíslason formaður stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga setti fundinn og bauð samgönguráðherra, fulltrúa og gesti velkomna á fundinn.

Í ávarpi sínu þakkaði Gísli, fyrrum formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni vel unnin störf og kom á framfæri kveðju frá núverandi formanni sambandsins Halldóri Halldórssyni sem er því miður fjarverandi. Gísli ræddi m.a. um nýjar hugmyndir í strandsiglingum og aukna tíðni í skipakomum skemmtiferðaskipa, Norðurhafssiglingar og sameiningu hafna.

**2. Kosning fundarstjóra, fundarritara og nefnda**

Fundarstjórar voru kosnir Ari Jónsson og Reynir Arnarson.  
Fundarritari var kosinn Helgi Már Pálsson.

**3. Ávörp ráðherra og gesta**

*Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.*

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra lýsti yfir ánægju sinni með að vera staddur á Höfn. Óvíða væri náttúran fallegri en einmitt hér. Hann benti á erfiða innsiglingu og gott samstarf allra aðila til að tryggja öryggi hennar.

Ræddi hann um samgönguáætlun og fór yfir helstu þætti hennar, en ný hafnarlög voru samþykkt á þinginu 2003. Ráðherrann ræddi m.a. um hvernig umferðaröryggismál voru felld inni áætlunina og mikilvægi umhverfismats í áætlunum um nýjar framkvæmdir.

Almennt væri rekstur hafnanna í góðum höndum, hafnarsamlög litu til nýrra verkefna, þróunar og sköpunar. Hann tók undir með Gísla um fjölgun skemmtiferðaskipa og nauðsyn markaðssetningar því tengt. Áriðandi væri að þjónusta við skemmtiferðaskip verði góð þar sem um stóran hóp nýrra viðskiptamanna væri að ræða.

Hafnarlaganefnd hefur farið yfir, að því virðist, batnandi hag stærri hafna og virðist staða þeirra vera sterk, en hinsvegar staða annarra hafna veik vegna breytinga í útgerð.

Framundan eru miklar breytingar og vöxtur stóriðju leiðir til að þjónusta hafna vegna þeirra vex að sama skapi.

Hugmyndir að nýrri höfn við Bakkafjöru væru athyglisverðar og ný höfn og áhrif hennar á hafnarrekstur almennt á Íslandi. Líta þarf á byggðamálin og hvernig er hægt að breyta uppbyggingu hafnanna til hagsældar fyrir landsbyggðina.

Strandsiglingar hafa mikið verið ræddar og áhyggjur almennings af umferð þungaflutningum á þjóðvega hefur vaxið. Þess vegna hafa farið fram umræður milli hagsmunaaðila um möguleika á að flytja aftur einhvern hluta landflutninga út á sjó aftur. Mat hans er þó að æskilegt sé að nýta siglingar sem kostur er, en krafan í dag er hraði. Stuðningur stjórnvalda liggur í styrkjum til uppbyggingar hafnanna á landsbyggðinni og vonast hann eftir árangri vegna umræðnanna.

Auk þess mun Alþingi leggja fram frumvarp um áhafnir íslenskra fiskiskipa, auknar kröfur um réttindi skemmtibáta og fyrirkomulag skráninga hvað varðar nýtingu á tölvutækni.

Höfnin er lykill hverrar byggðar.

#### 4. Skýrsla stjórnar

Gísli Gíslason formaður stjórnar gerð grein fyrir helstu störfum stjórnarinnar starfsárin 2004 - 2006 og lagði skýrsluna fram til kynningar. Fram kom að 17 fundir voru haldnir frá síðasta hafnasambandsþingi, þar af var hluti fundanna símafundir sem lækkað hafa kostnað við stjórnarfundi og sparað tíma. Helstu viðfangsefni stjórnar hefðu verið umsagnir um mál, svör við fyrirspurnum og ýmis afgreiðsla mála sem komið hefðu frá stjórnarmönnum og starfsmönnum og stjórnendum hafna. Fjöldi mála hefur verið vísað til starfsnefnda HS og tillögur nefndanna notaða til grundvallar fyrir umsagnir stjórnar.

Hann minntist sérstaklega á vigtarmál og kröfu um að ríkið gangi til samninga um eðlilega þátttöku í vigtun og skráningu sjávarafla. Standa þurfi vörð um þá sérþekkingu sem orðin er hjá Siglingastofnun og þakkaði starfsmönnum hennar fyrir þeirra mikilvægu störf gegnum tíðina.

*Skýrslu stjórnar var að því loknu vísað til allsherjarnefndar.*

Stjórnin lagði fram eftirfarandi tillögur um starfsnefndir og forsvarsmenn þeirra skv. þingskjali 7:

Umhverfis og öryggisnefnd Már Sveinbjörnsson og Svanfríður I. Jónasdóttir

Allsherjarnefnd Björg Ágústsdóttir og Magnús B. Jónsson

Samgöngu- og þróunarnefnd Hörður Blöndal og Þorsteinn Steinsson

Fjárhagsnefnd Erla Friðriksdóttir og Hjalti Þór Vignisson

Kjörnefnd Árni Þór Sigurðsson, Kristinn Jónasson og Steinþór Pétursson.

*Tillögur um starfsnefndir voru samþykktar.*

#### 5. Ársreikningar, tillögur um árgjöld og fjárhagsáætlanir

Birgir Blöndal í fjarveru Skúla Þórðarsonar gjaldkera stjórnar, gerð grein fyrir ársreikningi starfsáranna 2004 – 2005. Hann lagði fram tillögur um árgjöld 2007 og 2008, tillögu að fjárhagsáætlun fyrir starfsárin 2007 – 2008 og tillögu um þóknun til stjórnarmanna.

Samþykkt var að vísa eftirfarandi þingskjölum til nefnda:

*Þingskjal 4 ársreikningar hafnasambandsins fyrir árin 2004 og 2005.*

*Þingskjal 5 og 5a tillögur að árgjöldum 2007 og 2008.*

*Þingskjal 6 og 6a tillögur að fjárhagsáættunum 2007 og 2008.*

*Þingskjal 8 tillaga að þóknun til stjórnarmanna.*

*Þingskjal 11 tillaga að nýjum lögum hafnasambandsins.*

*Þingskjal 12 tillaga stjórnar vegna sölu rafmagns til skipa.*

*Þingskjal 13 tillaga stjórnar um óreiðu- og langleguskip í höfnum.*

#### 6. Erindi um endurskoðun hafnarlaga

Gísli Gíslason formaður stjórnar hafnasambandsins ræddi störf nefndar sem Sturla Þórðarson skipaði um endurskoðun hafnarlaga. Verkefni nefndarinnar skiptist í 5 þætti og lagði hann fram skýrslu stjórnarinnar um meðferð þeirra til dreifingar á fundinum.

Helsta niðurstaða nefndarinnar er að enn sé ekki komin marktæk reynsla af lögnum en þó hafa ýmsir kostir þeirra komið fram t.d. ný rekstrarform og gerð gjaldskráa.

Breyta þurfi 17. gr. um gjaldskrá þannig að of ýtarleg umfjöllun verði einfölduð. Hafnargjald verði skilgreint sem ein heild til að standa undir uppbyggingu, rekstri og viðhaldi hafna. Ýtarlegri flokkun gæti síðan komið í framhaldi þ.e. skilgreining mismunandi gjalda fyrir ákveðna þjónustu.

Tillaga er um að hafnarstjórnir geri skipulagstillögur með formlegum hætti vegna skipulags hafnasvæða til skipulagsnefnda og bæjarstjórnar.

Ákvæði um birtingu gjaldskrár sem verið hefur með tryggum hætti og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda verði nægjanlegt að hún verði birt á heimasíðu viðkomandi sveitarfélags.

Höfnum verði í framtíðinni heimilt að greiða arð.

Veigamikið er að bráðabirgðarákvæði 24. gr. frá 2003 um endurskoðun sé mikilvæg vegna styrkhæfni smærri hafna.

*Vísað til umfjöllunar allsherjarnefndar.*

## **7. Gafinn, starfsmenn Fiskistofu kynna nýtt aflaskráningarkerfi**

Vilhjálmur Hallgrímsson og Þórhallur Ottesen kynntu nýtt aflaskráningarkerfi

Fiskistofu og samanburð við Lóðs 2.

Fram kom í máli þeirra að með nýrri samskiptatækni þá skráist öll vigtun sjálfkrafa í gagnagrunn hjá Fiskistofu. Þetta leiðir til einföldunar á verklagi og meiri skilvirkni.

## **8. Fjárhagur tekjugrunnur og staða hafna. Yfirlit um afkomu hafna**

Gunnlaugur Júlíusson, sviðstjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga kynnti fjárhag, tekjugrunn og stöðu hafna. Í úrtaki hans eru annars vegar Faxaflóahafnir, 15 úrtakshafnir og síðan "aðrar hafnir".

Rekstrarafkoma úrtakshafnanna versnar á árunum 2004 og 2005. Helstu tekjur þeirra eru aflagjöld, þjónustu og vörugjöld. Afkoma Faxaflóahafna hefur batnað að sama skapi á sömu árum og eru tekjur þeirra verulega hærra en úrtakshafnanna. Rekstrarafkoma annarra hafna er nánast óbreytt á tímabilinu en framlegð þeirra hefur lækkað. Hvað varðar stöðu hafnanna gagnvart sveitar- og ríkissjóði eru Faxaflóahafnir með sterka stöðu, úrtakshafnir með nánast óbreytta stöðu, en skuldir minni hafna hafa aukist.

Rekstrarstaða hafna er almennt erfiðari 2005 en 2004 og staða minni hafna mun erfiðari. Staða uppsjávarhafna er almennt heldur sterkari. LÍU og stjórn hafnasambandsins hafa tekið upp viðræður um upphæð vörugjalds. Yfirliti um fjárhag og gjaldskrár hafna árið 2005, var dreift á fundinum. Málinu vísað til fjárhagsnefndar.

## **Umræður um endurskoðun hafnarlaga og um fjárhag og stöðu hafna**

Til máls tók Már Sveinbjörnsson og ræddi aukningu skulda hafnasjóða almennt og dóm vegna vörugjalda.

## **Matarhlé**

## **10. Starfsemi hafnasambandsins og breytingar á lögum þess**

Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps ræddi um starfsemi hafnasambandsins og breytingar á lögum þess. Fram kom að á fyrsta hafnasambandsþingi Hafnasambands sveitarfélaga í október 2004 var samþykkt að fela stjórn sambandsins að skipa 5 manna millipinganefnd til að fjalla um innra starf hafnasambandsins, leggja mat á þær breytingar, sem samþykktar voru á síðasta ársfundi og leggja fram tillögu á næsta þingi um það hvernig starfsemin verður best þróuð áfram.

Breytingarnar fólu m.a. í sér nýtt nafn, Hafnasamband Íslands. Ástæður þessarar breytingar er að fleiri aðilar en sveitarfélög geta átt og rekið hafnir og verið aðilar að hafnasambandinu og möguleikar á nýjum rekstrarformum. Þá kom fram að hafnasambandið mun vinni að gerð laga og reglugerða varðandi hafnir og stuðli að ýmiskonar fræðslu og kynningu. Með nýjum lögum mun tekjuflokkum fækki úr 9 í 7, fulltrúum stærri hafna fjölgar og ákvæði um kjörgengi breytist, fækkun í stjórn úr 7 í 5. Óbreytt er ákvæði um að 2/3 hluta atkvæða mættra fulltrúa þurfi til lagabreytinga.

### **Umræður um starfsemi hafnasambandsins og breytingar á lögum þess**

Til máls tók Ólafur Örn Ólafsson og ræddi fækkun tekjuflokka úr 9 í 7 og fækkun fulltrúa úr 7 í 5 sem hann taldi óráðlegt.

Már Sveinbjörnsson vakti athygli á að 7. gr. vanti.

Vísað til allsherjarnefndar

### **11. Markaðssetning hafna gagnvart skemmtiferðarskipum og ferðaþjónustu**

Ágúst Ágústsson markaðsstjóri Faxaflóahafna rakti forsögu komu skemmtiferðaskipa til Íslands frá seinni hluta 19. aldar. Vegna fyrri heimsstyrjaldarinnar féllu þessar siglingar niður, en hin seinni ár hefur orðið aukning þar á. Hægt væri að flokka tekjur hafna í F - in þrjú, frakt, fiskur og fólk. Markhópar hvað varðar fólk væru margir og ávinningurinn mikill m.a. í formi viðbótartekna hafnanna og fjölbreytni í atvinnuvegi. Aukning s.l. 5 ára virðist vera mest hjá Þjóðverjum, sem eru jafnframt fjölmennastir og Englendingum.

Í markaðssetningu skiptir mestu máli að komast á kortið, viðkomustaðir þurfa að vera þekktir og raunhæfir valkostir. Styrkur Reykjavíkur felst í því að vera höfuðborg og með hentugt bakland til dagsferða, en veikleikinn í fjarlægð frá meginlandinu. Mikilvægt er að taka vel á móti skemmtiferðaskipum og útlit hafnanna sé hreint og traustvekjandi. Ef væntingar stóðust ekki er ólíklegt að skipið komi aftur.

### **Umræður um markaðssetningu hafna**

Til máls tók Geir Gestsson og spurði um hugsanlegar hömlur á fjölda hafna til markaðssetningar skemmtiferðaskipa á Íslandi. Guðmundur Sævar Guðjónsson spurði um hvað réði því hvort skip legðust að hafnarbakka. Reynir Arnarson spurði um mismun á gjaldtöku ef skip legðist að hafnarbakka.

### **Kaffihlé**

### **12. Hugleiðingar um hafnir, vegi og flutninga**

Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins kynnti hugleiðingar um hafnir, vegi og flutninga. Í máli hans kom m.a. fram að hafnir geta verið tilfinningamál. Hann rifjaði upp með hvaða hætti þróun hafnarmannvirkja hefur orðið gegnum árin og víða hafi grettistöfum verið lyft. Áður hafi samgöngur verið mun öruggari á sjó, en í dag hafa þær færst mun meira upp á land. Þetta hefur orðið þróunin og ekki síst fyrir tilstuðlan sjóflutningafyrirtækjanna. Hraðinn skiptir öllu máli og öryggi vegfarenda á þjóðvegum minna. Stórfellt átak þarf til að snúa þessari þróun við en því myndi fylgja umtalsverður kostnaður. Tvöföldun þjóðvegarins og áframhaldandi jarðgangagerð eru brýnustu verkefni í samgöngumálum framtíðarinnar.

### **13. Þróun hafnarsvæða – Ný höfn í Fjarðabyggð**

Steinþór Pétursson aðstoðarmaður bæjarstjóra Fjarðabyggðar kynnti þróun hafnarsvæða og nýja höfn í Fjarðabyggð. Eftir sameiningu sveitarfélaganna Austurbyggðar, Fjarðabyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps eru nú í

nýja sveitarfélaginu 6 hafnir. Þær eru allt frá því að vera meðal minnstu hafna landsins upp í það að vera meðal þeirra stærstu.

Nýjust þessara hafn er síðan álvershöfnin Mjóeyri sem er eingöngu vöruhöfn. Stærsti hluti landaðs afla er í formi uppsjávarfisks en magn landaðs afla dregst saman öfugt við vörugjöld sem eru að aukast á síðustu árum. Framkvæmdir miðast fyrst og fremst við þær framkvæmdir sem átt hafa sér stað á Austurlandi, þ.e. virkjun og bygging álvers. Keyptur verður nýr dráttarbátur á næsta ári, verið er að ljúka við þil á Mjóeyrarhöfn og farið verður í gerð nýs varnargarðs í Neskaupstað og lengingu á stálþili þar. Heildarlengd hafnarkanta er 2.987 metrar, þar af er stálþil 2557 metrar og harðviður um 330 metrar. Aðrar bryggjur eru 100 metrar.

Framundan eru flutningar vegna hráefnis og afurða fyrir álverið, um 1280 þúsund tonn á ári og eru vörugjöld vegna þessa áætluð um 113 millj. kr. Byggja þarf upp aðstöðu fyrir skipafélög og önnur fyrirtæki við Mjóeyrarhöfn, lengja stálþil þar um 200 metra, huga að öðrum umsvifum m.a. vegna vöruflutninga, möguleika á viðkomu skemmtiferðaskipa og möguleika tengda Norðurishafssiglingum.

### **Umræður**

Gísli Gíslason tók til máls og þakkaði Styrmi og Steinþóri fyrir.

Til máls tók Björg Ágústsdóttir og minnti á vinnu nefnda morgundagsins.

Fundarstjóri frestaði fundi kl. 15:25, til næsta dags.

### *Seinni fundur föstudaginn 13. október*

Starfsnefndir luku störfum áður en fundi var fram haldið.

Fundur hófst kl. 13.00

### **13. Samstarf eða sameining hafna**

Eriðið féll niður vegna veikinda framsögumanns.

### **14. Norðurhafssiglingar**

Gísli Viggósson forstöðumaður rannsóknar- og þróunarviðs Siglingastofnunar kynnti vinnu Siglingastofnunar vegna Norðurhafssiglinga. Fram kom að forsendur þessara siglinga eru nálægð við siglingaleiðir yfir Norður-Atlantshaf, olú- og jarðgasflutningaleiðir frá Norður-Noregi og Norðvestur-Rússlandi til Norður-Ameríku, Atlantshafsenda norðausturhafs siglingaleiðarinnar og olúleit við Ísland. Gera má ráð fyrir að frá árinu 2015 verði um 50 milljónir tonna af hráolíu frá Norðvestur-Rússlandi flutt til Bandaríkjanna með stórum olúflutningaskipum. Siglingastofnun er langt komin með að setja upp alþjóðlegt tilkynningakerfi, svokallaða AIS kerfi, með ströndum landsins og lýkur uppsetningu þess í ár. Einnig er á vegum Siglingastofnunar og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA) unnið að verkefninu „*Neyðarhafnir og skipaafdreip*“. Einnig er stofnunin í öðru alþjóðasamstarfi vegna eftirlitskerfa, gagnagrunna, mengunaryplýsinga og í sameiginlegu áhættumati vegna öryggis siglinga skipa í norðurhöfum sem áætlað er að ljúka 2009 og unnið er að svokölluðu reklíkani og áhættumati vegna siglinga skipa við Ísland 2007 – 2008.

### **15. Framlagning og afgreiðsla nefndarálita**

#### **15.1 Álit umhverfis- og öryggisnefndar,**

**framsögumenn Mór Sveinbjörnsson og Svanfríður I. Jónasdóttir.  
Fundarskjal 16:**

**“Tillaga til hafnasambandsþings vegna hafnaverndar**

35. hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga haldið á Höfn í Hornafirði, dagana 12. og 13. október 2006 samþykkir að fela stjórn hafnasambandsins að halda áfram á þeirri braut að vernda hagsmuni hafnanna í samvinnu við Siglingastofnun og önnur yfirvöld er koma að hafnavernd.”

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt samhljóða

**“Tillaga til hafnasambandsþings vegna viðbragða við bráðamengun**

35. hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga haldið á Höfn í Hornafirði, dagana 12. og 13. október 2006 samþykkir að fela stjórn hafnasambandsins að leita samvinnu við Umhverfisstofnun og Umhverfisstofnun um leiðir til að móta reglur um viðbrögð við bráðamengun í höfnum þannig að þær verði skilvirkar og falli að verklagi hafnanna.”

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt samhljóða.

**“Tillaga til hafnasambandsþings vegna slysavarna í höfnum**

35. hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga haldið á Höfn í Hornafirði, dagana 12. og 13. október 2006 samþykkir að fela stjórn hafnasambandsins að leita samvinnu við Siglingastofnun Íslands um endurmat á leiðum og búnaði til slysavarna í höfnum með það að markmiði að einfalda og efla enn frekar slysavarnir.”

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt samhljóða.

**“Tillaga til hafnasambandsþings vegna sölu rafmagns til skipa**

35. hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga haldið á Höfn í Hornafirði, dagana 12. og 13. október 2006 samþykkir að fela stjórn hafnasambandsins að leita leiða í samvinnu við umhverfisstofnun, iðnaðarráðuneytið og orkufyrirtæki til að gera sölu á rafmagni til skipa, sem liggja í höfn, að hagkvæmum valkosti fyrir útgerðir. Í kjölfar breytinga á sölukerfi rafmagns hefur rafmagn sem hafnir selja til skipa hækkað verulega þannig að það er ekki samkeppnisfært við brennslu olíu þó svo að eldsneytisverð sé hærra nú en nokkru sinni fyrr. Fyrir liggja tilmæli Umhverfisstofnunar og Evrópusambandsins um að skip í höfnum noti rafmagn úr landi fremur en að þau brenni olíu við rafmagnsframleiðslu. Hafnasamband sveitarfélaga tekur heilshugar undir þau tilmæli þar sem notkun rafmagns er eðlileg aðgerð og í samræmi við kröfur nútímans um að draga úr mengun.

Jafnframt beinir hafnasambandsþingið þeim tilmælum til stjórnar hafnasambandsins að kanna möguleika á að hafnasambandið komi fram fyrir hönd hafnanna í samningum við orkufyrirtækin um raforkukaup.”

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt samhljóða.

**“Tillaga til hafnasambandsþings vegna óreiðuskipa**

Á síðustu árum hafa hafnir lent í vandræðum með svonefnd óreiðuskip í höfnum. Ástæða þess er m.a. að skipum með veiðheimildir fer fækkandi og kostnaður við förgun skipa hefur leitt til þess að eigendur þeirra leggja þeim í höfnum landsins. Í sumum tilvikum greiða eigendur skipanna viðlegugjöld, en í öðrum hlaðast upp vanskil og skipin eru skilin eftir í hirðuleysi sem leiðir af sér óþrifnað, hættu á mengun og slysum. Í hafnalögum eru ákveðin úrræði fyrir hafnir til að bregðast við gagnvart óreiðuskipum en augljóst er að þau ákvæði ganga of skammt þar sem kostnaður hafna við að fjarlægja óreiðuskip úr höfnum er í engu samhengi við þær

kröfur sem myndast vegna viðlegu þeirra. Því beinir 35. þing Hafnasambands sveitarfélaga þeim eindregnu tilmælum til samgönguráðherra og umhverfisráðherra að mótaðar verði reglur sem tryggi höfnum landsins heimildir til að farga óreiðuskipum með skynsamlegum og hagkvæmum hætti.

Jafnframt samþykkir þingið að fela stjórninni að láta vinna vandað lögfræðilegt álit á réttarstöðu hafnanna. Ef réttarstaðan reynist veik verði leitað leiða til að styrkja hana til að gera höfnunum kleift að vinna sig út úr þessum vanda.”

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt samhljóða.

#### **“Tillaga til hafnasambandsþings vegna vigtarmála hafna**

35. Hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga haldið á Höfn í Hornafirði, dagana 12. og 13. október 2006 samþykkir að fela stjórn hafnasambandsins að leita leiða, í samvinnu við Sjávarútvegsráðuneytið og Fiskistofu, til endurskoðunar á framkvæmd vigtunar og skráningar afla til hagsbóta og einföldunar fyrir hafnirnar og hagsmunaaðila.

Jafnframt leggur þingið þunga áherslu á mikilvægi þess að löggildingarnámskeið fyrir vigtarmenn verð haldin um land allt og bendir á símenntunarmiðstöðvarnar sem farveg fyrir slík námskeið.”

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt samhljóða.

#### **“Tillaga til hafnasambandsþings vegna skráningar í Gaflinn**

35. hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga haldið á Höfn í Hornafirði, dagana 12. og 13. október 2006 fagnar nýju aflaskráningarkerfi Fiskistofu, en harnar um leið að missa út skráningu á öðrum hlutum, sem eru í “Gamla Lóðs”, og ekki falla undir aflaefirlit Fiskistofu.”

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt samhljóða.

#### **“Tillaga til hafnasambandsþings vegna krafna yfirvalda á hendur höfnum**

35. hafnasambandsþing Hafnasambands sveitarfélaga haldið á Höfn í Hornafirði, dagana 12. og 13. október 2006 samþykkir að fela stjórn hafnasambandsins að leita samvinnu við yfirvöld um að hafnirnar í gegnum hafnasambandið komi að mótun reglna og vinnubragða, þar sem hafnirnar eru skyldaðar til þátttöku. Ennfremur að hafnirnar geti neitað að taka á sig skyldur, sem vinna gegn hagsmunum þeirra og samkeppnisstöðu.”

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt samhljóða.

### **15.2 Álit Samgöngu- og þróunarnefndar framsögumaður Hörður Blöndal. Fundarskjal 18:**

35. hafnasambandsþing haldið dagana 12. og 13. október 2006 hvetur samgönguyfirvöld að vinna áfram að því að kanna hagkvæmni þess að teknar verði upp að nýju í einhverjum mæli strandsiglingar við Íslandsstrendur. Með því yrði dregið úr þungaflutningum á landi frá því sem er í dag. Þannig næðust fram þau helstu markmið samgönguáætlunar, að gera samgöngur greiðari, hagkvæmari og öruggari og jafnframt að taka tillit til jákvæðrar þróunar í byggðamálum.

Norðurhafssiglingar - greinargerð

- Bráðnun íss í norðurhöfum hefur þær afleiðingar helstar: annarsvegar að siglingar milli austurs og vesturs framhjá Íslandi munu aukast, hinsvegar að það mun opnast aðgangur að auðlindum sem við Íslendingar gætum átt rétt á að nýta. Fyrri atriðið snertir öryggismál síðara atriðið hafréttarmál. Niðurstaðan er sú að við Íslendingar stöndum á ákveðnum tímamótum. Við þurfum að gera upp við okkur, hvort við höfum einhverra hagsmuna að gæta varðandi siglingar í norðurhöfum. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu að svo sé, verðum við að taka upp samvinnu við önnur ríki sem eru í svipuðum sporum og við; nokkuð sem ekki gerist nema ríkisvaldið hafi um það forustu. Því er brýnt að ríkisvaldið haldi vöku sinni hvað þetta varðar.

Fundarstjóri bar þingskjal 18 og var það samþykkt samhljóða.

### **15.3 Álit Allsherjarnefndar, framsögumaður Björg Ágústsdóttir og Magnús B. Jónsson. Fundarskjal 17:**

Allsherjarnefnd fjallaði um skýrslu endurskoðunarnefndar. Nefndin fékk skýrsluna í hendur á fundinum og var að því leyti heldur vanbúin að fjalla um efni hennar á ítarlegan hátt.

Farið var yfir helstu atriði skýrslunnar og sérstaklega fjallað um endurskoðun hafnalaga. Fjallað var um 5. gr., 9. gr., 17. gr., 20. gr. og 24. gr.

Sérstaklega var dvalið við 17. gr. sem fjallar um gjaldtöku hafna og 24. gr. sem fjallar um ríkisstyrki til framkvæmda í höfnum.

Allsherjarnefnd taldi jákvætt að náðst hafi áfangi í skilgreiningum á gjaldtökuheimildum hafna og samkomulag um einföldun ákvæðisins. Niðurstaðan þarf hinsvegar að ná inn sem breyting á hafnalögum.

Þrátt fyrir þetta er brýnt að halda vakandi umræðu um efni 17. gr. og halda áfram að skilgreina gjaldtökuheimildir í ljósi síbreytilegra forsendna í rekstri hafna.

Endurskoðunarnefnd taldi ekki forsendur til að gera tillögu um breytingu á 24. gr. hafnalaga þar sem ekki hafi reynt á ákvæði greinarinnar. Í nefndinni komu fram þau sjónarmið að nauðsynlegt væri að halda áfram umræðu um efni greinarinnar og áhrif hennar á framtíð hafna.

**Hafnasambandsþing haldið á Höfn í Hornafirði 12. og 13. október 2006 beinir þeirri ályktun til stjórnar Hafnasambands Íslands að halda vakandi umræðu um efni 17. gr. og 24. gr. hafnalaga og lítur á það sem nauðsynlegt verkefni hafnasambandsins að fjalla um gjaldtöku hafna og skilgreiningu á ríkisstuðningi við hafnarframkvæmdir.**

Fundarstjóri bar upp tillögu nefndarinnar og var þingskjalið samþykkt samhljóða

#### **Endurskoðun hafnalaga**

- 35. hafnasambandsþing beinir þeirri ályktun til stjórnar Hafnasambands Íslands að halda vakandi umræðu um efni 17. gr. og 24. gr. hafnalaga og lítur á það sem nauðsynlegt verkefni Hafnasambandsins að fjalla um gjaldtöku hafna og skilgreiningu á ríkisstuðningi við hafnarframkvæmdir.



### **Úttekt á uppgjörsaðferðum hafna**

- 35. hafnasambandsþing haldið á Höfn í Hornafirði 12. og 13. október 2006 beinir því til stjórnar hafnasambandsins að láta gera úttekt á uppgjörsaðferðum hafna og samanburðarhæfni þeirra. Sérstaklega verði lögð áhersla á að skoða afskriftir á eignum hafnanna.

### **Ný lög Hafnasambands sveitarfélaga**

- Á eftir 2. ml. 2. mgr. 5. gr. komi nýr málslíður sem hljóði svo:  
*Láti aðal- eða varamaður í stjórn af starfi á vettvangi hjá sveitarfélaga eða hafna sem hann starfaði fyrir þegar kosning fór fram eða hættir í sveitar- eða hafnarstjórn, þá fellur umboð hans niður.*

Fundarstjóri bar upp skýrslu stjórnar til atkvæða. Skýrslan er samþykkt samhljóða. Fundarstjóri bar upp þingskjal nr. 19 og var samþykkt samhljóða. Fundarstjóri bar upp í einu lagi þingskjal 11 um tillögu að nýjum lögum hafnasambandsins ásamt þingskjali 20 um breytingar á þeirri tillögu og tillögu frá þingfundinum um breytingu á breytingartillögu skv. þingskjali 20 á nýjum málslíð á eftir 2. ml. 2. mgr. 5. gr. Tillaga um ný lög hafnasambandsins skv. þingskjali 11 ásamt breytingartillögum var samþykkt samhljóða.

### **15.4 Álit Fjárhagsnefndar framsögumaður Erla Friðriksdóttir.**

Til umfjöllunar Fjárhagsnefndar var vísað fundarskjölum 4, 5, 6 og 8.

#### **Þingskjal 4. Ársreikningur 2004 og 2005**

Fjárhagsnefnd yfirfór undirritaða ársreikninga og að fengnum nokkrum skýringum samþykkti hún reikningana fyrir sitt leyti og leggur til að þeir verði staðfestir.

#### **Þingskjal 5. Tillaga stjórnar að árgjöldum**

Fjárhagsnefnd undirbjó þrjár tillögur að árgjöldum út frá mögulegum lagabreytingum. Fjárhagsnefnd leggur til að tillaga III skv. þingskjali 5a verði samþykkt. Tillagan gerir ráð fyrir árgjöldum samtals að fjárhæð kr. 9.693.000. Fjárhagsnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

#### **Þingskjal 6. Tillaga stjórnar að fjárhagsáætlunum árin 2007 og 2008**

Fjárhagsnefnd undirbjó þrjár tillögur að fjárhagsáætlun út frá mögulegum lagabreytingum. Fjárhagsnefnd leggur til að fjárhagsáætlun skv. endurskoðaðri tillögu skv. þingskjali 6a verði samþykkt. Tillagan gerir ráð fyrir tekjum alls kr. 9.693.000 gjöldum upp á 8.645.000. Fjárhagsnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

#### **Þingskjal 8. Tillaga um þóknun til stjórnarmanna**

Fjárhagsnefnd leggur til að framlögð tillaga verði samþykkt.

#### **Fjárhagur, tekjugrunnur og staða hafna**

Afkoma margra hafna landsins er óviðunandi og telur Fjárhagsnefnd mikilvægt að hafnir taki mið af tilkostnaði við byggingu, viðhald og rekstur hafna við gjaldskrársetningu. Fjárhagsnefnd leggur til að stjórn hafnasambandsins skoði sérstaklega stöðu millistórra og minni hafna.

Fundarstjóri bar upp þingskjal 4. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp þingskjal 5a. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp þingskjal 6a. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp þingskjal 8. Samþykkt samhljóða.  
Fundarstjóri bar upp þingskjal 15. Samþykkt samhljóða.

**15.5 Álit Kjörnefndar,  
framsögumaður Árni Þór Sigurðsson  
Þingskjal 14. Tillögur kjörnefndar**

Stjórn:

Formaður: Gísli Gíslason Faxaflóahöfnum  
Björg Ágústsdóttir Grundarfirði  
Björn Magnússon Hafnasamlagi Norðurlands  
Helga Jónsdóttir Fjarðabyggð  
Ólafur M. Kristinsson Vestmannaeyjum  
Ólafur Örn Ólafsson Grindavík  
Skúli Þórðarson, Húnaþingi vestra

Varamenn:

1. Guðmundur Kristjánsson Ísafirði
2. Már Sveinbjörnsson Hafnarfirði
3. Svanfríður I. Jónasdóttir, Hafnasamlagi Eyjafjarðar

Skoðunarmenn reikninga:

Sigríður Finsen Grundarfirði  
Sigurður Valur Ásbjarnarson Sandgerði

Varamenn:

Ásta María Björnsdóttir Hafnarfirði  
Björn Arnaldsson Snæfellsbæ

Tillaga kjörnefndar var samþykkt samhljóða.

## **16. Þingslit**

Reynir Arnarson Hornafirði, þakkaði gestum fyrir gott þing.

Gísli Gíslason endurkjörinn formaður þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf og færði fundarstjórum og fundarriturum þakkir. Þá þakkaði hann gestgjöfunum fyrir frábærar móttökur og aðstoð við þinghaldið. Starfmenn þingsins fengu sérstaka þakkir fyrir sín störf.

Jafnframt tilkynnti formaðurinn að hafnafundur 2007 verði haldinn á Ísafirði og að næsta hafnasambandsþing verði haldið á Akureyri árið 2008.

Fundi slitið kl. 15:30

Fundarritarar  
Helgi Már Pálsson  
Hjalti Þór Vignisson